# Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Bréfa- og málasafn 1959

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Alþingismaður – Ritstjóri – Bréf – B. eða G. Thoroddsen – Davíð Áskelsson – Gestur Jóhannsson – Gunnar Thoroddsen –Jóhannes Nordal: *Nokkur Aðalatriði, m.a. greiðslujöfnuðurinn og greiðsluhallinn við útlönd 1949-1958* – Jónas G. Rafnar – Siggeir Björnsson – Sigmar I. Torfason – Bjarni Benediktsson endurkjörinn í stjórn SPRON – Sparisjóður Reykjavíkur – Framlög til bókasafna

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

bjarnibenediktsson.is

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmálamaðurinn***

Askja 2-24, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

JÓHANNES NORDAL

REYKJAVÍK.
LAUGARÁSVEGI 11

Kæri Bjarni

Ég sendi þér hér nokkra punkta og tölur.

Láttu mig vita, ef það e eitthvað fleira, sem ég get orðið til aðstoðar við.

Beztu kveðjur

JN.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nokkur aðalatriði.

1. Árin 1949 til 1958 hefur verið halli á greiðslujöfnuðinum við útlönd, sem nemur um 10% af heildarútgjöldum þjóðarinnar erlendis. Um það bil 6% af þessum halla hefur verið jafnaður með lántökum erlendis, en um 4% með erlendu gjafafé.

2. Tímabilinu frá 1950, þegar gengislækkunin er framkvæmd má skipta í þrennt.

a) 1950- 1953. Þetta er endurreisnartími með aðstoð Marshallfjár og með vaxandi tekjum af varnarliðinu. Á þessum árum er greiðsluhallinn 447 millj. eða 112 millj. a ári að meðaltali. Þessi halli er að mestu jafnaður með gjafafé, sem nam 430 millj. Erlendar lántökur námu 220 millj. kr., en gjaldeyrisstaðan batnaði um 75 millj.

b) Árin 1954 og 1955 mynda vatnaskil. Fyrra árið er aðein 24 millj. kr. halli á greiðslujöfnuði, litlar erlendar lántökur og batnandi gjaldeyrisstaða. 1955 rofnar jafnvægið, greiðsluhallinn nemur 142 millj. og er að mestu jafnaður með rýrnun gjaldeyrisstöðunnar.

c) 1956-1958. Þessi ár er hallinn á gjaldeyrisstöðunni 460 millj. eða 153 að meðaltali á ári. Þessi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

halli er svo jafnaður með ~~löngum~~ lántökum erlendis, en innkomið lánsfé þessi ár nam 536 millj. kr. og jafnframt versnaði gjaldeyrisstaðan ~~í~~ nokkuð.

Afleiðing skuldasöfnunar hefur verið vaxandi byrði vegna vaxta og endurgreiðslu erlendra lána. Sé endurgreiðsla E.P.U.-skuldar meðtalin má áætla, að vextir og afborganir af erlendum skuldum muni nema allt að ~~130~~ 140 millj. kr. á þessu ári, en með 55% yfirfærslugjaldi nemur það um 210 millj. kr. Svipuð verður byrðin á næsta ári.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HAGFRÆÐIDEILD
Júní 1959

Greiðslujöfnuðurinn við útlönd 1949 - 1958.

Ráðstöfunarfé og öflun þess

| | Útfl. | Varnarlið | Gjafafé | Föst lán | Annað | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1949 | 289,2 | - | 37,3 | 10,3 | 215,6 | 552,4 |
| 1950 | 421,1 | - | 115,2 | 46,1 | 163,5 | 745,9 |
| 1951 | 726,6 | 9,0 | 135,5 | 65,0 | 211,9 | 1.148,0 |
| 1952 | 639,8 | 92,0 | 75,1 | 54,7 | 211,3 | 1.072,9 |
| 1953 | 706,2 | 268,6 | 103,8 | 54,5 | 253,9 | 1.387,0 |
| 1954 | 845,9 | 266,0 | 12,5 | 38,9 | 274,8 | 1.438,1 |
| 1955 | 847,8 | 278,3 | 3,5 | 25,0 | 379,4 | 1.534,0 |
| 1956 | 1.031,0 | 207,0 | - | 155,1 | 321,7 | 1.714,8 |
| 1957 | 986,6 | 133,2 | - | 215,0 | 323,6 | 1.658,4 |
| 1958 | 1.069,1 | 191,9 | - | 165,8 | 327,5 | 1.754,3 |
| | 7563.3 | 1445.7 | 482.8 | 830.4 | 2683.2 | 13.005,8 |
| | 58% | 11% | 4% | 6% | 21% | 100% |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HAGFRÆÐIDEILD
Júní 1959.

## Greiðslujöfnuðurinn við útlönd 1949 - 1958.

Vörur og þjónusta.

| | Verzlunar-jöfnuður | Varnar-liðið | Annað | Heildar-greiðslu-jöfnuður | Gjafa-fé | Greiðslu-jöfnuður með gjafafé |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1949 | - 85,0 | - | - 48,6 | - 133,6 | 37,3 | - 96,3 |
| 1950 | - 52,4 | - | - 30,4 | - 82,8 | 115,2 | 32,4 |
| 1951 | - 81,6 | 9,0 | - 65,0 | - 137,6 | 135,5 | - 2,1 |
| 1952 | - 137,2 | 92,0 | - 77,7 | - 122,9 | 75,1 | - 47,8 |
| 1953 | - 267,5 | 221,4 | - 57,4 | - 103,5 | 103,8 | 0,3 |
| 1954 | - 161,1 | 206,2 | - 68,8 | - 23,7 | 12,5 | - 11,2 |
| 1955 | - 268,9 | 223,7 | - 96,8 | - 142,0 | 3,5 | - 138,5 |
| 1956 | - 237,6 | 189,0 | - 113,8 | - 162,4 | - | - 162,4 |
| 1957 | - 166,6 | 123,0 | - 122,5 | - 166,1 | - | - 166,1 |
| 1958 x) | - 157,0 | 161,0 | - 138,0 | - 134,0 | - | - 134,0 |
| | | | | ÷ 1208,6 | | |

x) Bráðabirgðatölur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HAGFRÆÐIDEILD

Júní 1959.

## Greiðslujöfnuður við útlönd 1949 - 1958.

Fjármagnshreyfingar.

| | Hreyfing á föstum lánum nettó | Breytingar á gjaldeyrisstöðu | Annað | Fjármagns-hreyfingar alls |
|---|---|---|---|---|
| 1949 | + 6,1 | + 26,7 | + 50,6 | + 83,4 |
| 1950 | + 42,5 | - 18,4 | - 43,8 | - 19,7 |
| 1951 | + 42,9 | - 43,9 | - 7,0 | - 8,0 |
| 1952 | + 32,3 | + 30,3 | - 27,0 | + 35,6 |
| 1953 | + 30,0 | - 42,7 | + 20,3 | + 7,6 |
| 1954 | + 29,1 | - 12,4 | + 4,4 | + 21,1 |
| 1955 | + 2,6 | + 119,4 | + 25,0 | + 147,0 |
| 1956 | +126,5 | - 15,0 | + 41,0 | + 152,5 |
| 1957 | + 169,7 | + 25,2 | - 9,4 | + 185,5 |
| 1958 | + 103,3 | + 28,4 | + 2,7 | + 134,4 |

\+ = Fé frá útlöndum

\- = Fé til útlanda

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 1959.

/BA

Gjörið svo vel að auðkenna öll bréf viðvíkjandi þessu máli þannig:
R/56

Á fundi bæjarstjórnar í gær voruð þér endurkosinn í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, ásamt Baldvin Tryggvasyni.

Björn Steffensen og Helgi Sæmundsson voru endurkosnir endurskoðendur sjóðsins.

Gunnar Thoroddsen

Hr. fyrv. ráðherra Bjarni Benediktsson,
Háuhlíð 14,
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

m/s Gullfoss, 26. maí 1959.

Hr. ritstjóri Bjarni Benediktsson.

Út af samtali okkar í Reykjavík 22. þ.m. viðvíkjandi blaðagrein minni sendi ég yður þetta bréf.

Greinarkorn þetta, sem ég tók að mér að skrifa, er aðeins bergmál af því sem félagar mínir og sjómenn alment vildu láta í ljósi, ef þeir gætu tjáð sig og virðist þetta vera ákaflega viðkvæmt hitamál.

Mér sjálfum hefir samt aldrei dottið í hug, að grein skrifuð í svona dúr gerði nokkuð gagn. Aftur á móti getur mönnum orðið fróun að því að ausa úr skálum nývakinnar reiði, því gremja manna sefast oft á þann hátt, " En skamma stund verður hönd höggi fegin".

Við nánari umhugsun sé ég, að það er óhyggilegt að skrifa grein um það, sem ekki gerir tilætlað gagn, en öðrum ógagn. Ég held því að lausnin verði best sú, sem þér stunguð uppá að nota greinina sem undirstöðu í aðra grein og umskrifa hana alveg. Væri ég fullkomlega sáttur með þau málalok, ef þér hefðuð kringumstæður til að láta gera það.

Annars ef þér vilduð heldur má hætta við þetta allt saman og mun ég hvergi á öðrum stað láta birta greinina, það er loforð .

Með kveðju og vinsemd,

B. Thoroddsen

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sp. að birta

GESTUR JÓHANNSSON

SÍMNEFNI: GESTUR
TALSÍMI 66

Seyðisfirði, 15. ágúst 1959

Hr. Bjarni Benediktsson
þingmaður,
Reykjavík.

Góði kunningi.

Eg leyfi mér hér með, að senda þér nýja grein, til birtingar í Morgunblaðinu. Hefi eg sem sé umskrifað fyrri greinina og breytt henni verulega. Tel eg þessa síðari grein frambærilegri, heldur en hina, enda hefi eg nú skoðað vatnasvæðið sjálfur og hefi því tryggari grundvöll, til þess að byggja á.

Þú minnist á að hr. Eiríkur Briem hafi séð fyrri greinina og talið einhver atriði í henni ekki geta staðist. Mér er ekki ljóst hvaða atriði hann hefir haft í huga.

Eg byggi fyrst og fremst á áliti verkfræðinganna (H.B. & Sig.Th.), sem eg býst við að ennþá sé í fullu gildi. Það sem eg sagði um Kötlu-árnar er staðreynd, sem ekki verður hrakin. Hefi eg alveg sannfærst um þetta nú, við athugun á ánum og aðstöðu allri, í sambandi við þær.

Miðhúsa-áin er vafasamari, eða öllu heldur möguleikarnir til þess að ná henni í Fjarðarána, en í því væri mikill fengur. Vatnasvæði hennar er allstórt, en það sem skiftir mestu máli er þó það, að á því eru stórar jökulfannir, sem tryggja stöðugt vatnsrennsli allt sumarið, hvernig sem viðrar.

Eins og áður fram tekið, þá er Þorbjörn allra manna kunnugastur á þessum slóðum, og óvenjulega athugull maður og hugkvæmur. Hann er trésmiður, eða trésmiðameistari, eins og það er nú kallað, og stundaði byggingarstörf framan af æfinni. Síðan hefir hann haft bíla, keyrt sjálfur og meðal annars haldið uppi vetrarferðum yfir Fjarðarheiði um margra ára skeið. Telur hann sig hafa farið yfir fimm þúsund ferðir yfir Fjarðarheiði. Eg varð var við það, meðan hann stundaði smíðar, að hann var óvenjulega verkhygginn og athugull maður. Þorbjörn telur fullvist, að framkvæmanlegt sé að leiða Miðhúsa-ána í Fjarðarána, á þann hátt, sem eg minnist á í greininni.

Greinina óska eg eftir að fá birta sem fyrst, eins og hún er. Hafi Eiríkur Briem, eða aðrir rafmagnsfræðingar eitthvað við hana að athuga, sem gjöra má ráð fyrir, þá geta þeir gjört sínar athugasemdir á prenti. Annars á eg frekar von á að reynt verði að þegja málið í hel.

Greinina ætla eg að biðja þig vinsaml. að yfirlíta og leiðrétta t.d. kommusetningu o.fl. Ennfremur lesa próförk, eða láta einhvern góðan mann gjöra það.

Beztu kveðjur

[signature]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GESTUR JÓHANNSSON

SÍMNEFNI: GESTUR
TALSÍMI 66

Seyðisfirði, 25. maí 1959

Herra Bjarni Benediktsson
ritstjóri,
Reykjavík.
----------

Góði kunningi.

Beztu þakkir fyrir síðast.

Eg leyfi mér hér með, að senda þér smágrein, sem fjallar um rafvæðingu Austurlands, eða ástand þeirra mála hér á Austurlandi. Er meiningin að fá þessa grein birta í Morgunblaðinu hið fyrsta. Eg gjöri ráð fyrir að greinin fáist birt og ætla eg að biðja þig vinsaml. að líta yfir hana fyrir mig, áður en hún verður send í prentsmiðjuna og leiðrétta, það sem leiðréttingar þarf við, t.d. kommusetningu o.fl. Ennfremur lesa próförk, þegar þar að kemur. Engum hér á Seyðisfirði er kunnugt um þessa grein, nema Þorbirni Arnoddssyni og Gunnlaugi Jónassyni, fyrv. ritstjóra "GERPIS". Gunnlaugi syndi eg greinina vegna þess að hann er allra manna kunnugastur gangi þessara rafveitumála, hér á Austurlandi, enda glöggur maður og gætinn, eins og þeir bræður allir.

Allt sem eg segi um Fjarðarána og hæfni hennar til virkjunar er á fullum rökum reist. Nefndarálit þeirra Sigurðar Thoroddsen og H. Baldvinssonar verður sjálfsagt reynt að telja úrelt nú, enda hafa ýms nefndarálit komið fram síðan það var á ferðinni, meðal annars tvö eftir Jakob Gíslason, raforkumálastj. Nefnarálit þessi hefi eg ekki séð, en kæmi ekki á óvart, þótt einhver mótsögn væri í þeim. Jakob er sjálfsagt mjög fær í sinni grein, en skörungur verður hann seint, er eg hræddur um. Mönnum kemur ekki saman um hvernig hann hafi raunverulega verið stemmdur gagnvart virkjun Grímsár og Fjarðarár, en til að byrja með að minnsta kosti, mun hann hafa talið Fjarðarána álitlegri, sumir segja að skoðun hans í því efni muni vera óbreytt ennþá. Þótt hann hafi skort manndóm til þess að halda skoðun sinni til streitu, og beita því valdi sem hann raunverulega hefir sem raforkumálstj. Nefndarálit þeirra Sig. Th. & H.B. hefir það til síns ágætis, að það er samið áður en Framsóknar-foringjarnir(Eysteinn Jónsson, Steingrímur Steinþórsson o.fl.) fóru að hræra í málinu og gjöra það stór-pólitískt, enda liggur gaumgæfileg athugun á bak við þetta álit, þótt ekki sé minnst þar á vatnsaukningu, sem til greina getur komið í sambandi við Fjarðarána og eg minnist á í meðfylgjandi grein.

Framkvæmd rafvæðingarinnar á Austurlandi er fullkomið hneixlismál. Afstaða Framsóknar, eða forustumanna hennar mun byggjast á því, að kjósendur Eysteins heimtuðu að Grímsá yrði virkjuð. Þegar þessi mál voru ákveðin var Seyðisfjarðar-kaupstaður ekki orðinn Framsóknar-hreiður. Ymsir erfiðleikar hafa komið fram, í sambandi við virkjun Grímsárinnar. Meðal annars getur vöxtur í henni orðið svo mikill í leysingum, eða haustrigningum, að vatnsrennslið í gilinu við aflstöðina, sem er mjög þröngt, verði svo mikið að það tefji fyrir útrennslinu frá aflstöðinni, sem aftur orsakar orkutap. Í leysingum og stórrigningum er framburður einnig geysimikill og fyllir uppistöðuvatnið. Einnig munu vera miklir örðugleikar þegar frost eru,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gestur Jóhannsson, Seyðisfirði

vegna iskrapa sem safnast við innrennslið. Fleira mætti sjálfsagt nefna til full-sönnunar því, að Grimsá hefir reynst gjörsamlega óhæf til virkjunar. Fleira en það sem eg hefi nefnt hér og i greininni. Enda munu nú allir viðurkenna þetta, jafnvel kjósendur Eysteins. Það skal fram tekið að Sveinn á Egilsstöðum mun alltaf hafa verið á móti virkjun Grimsár, en Fjarðarána mun hann sjálfsagt helzt viljað vera laus við að nota, eins og yfirleitt allir Héraðsmenn. Þeir telja það metnaðarmál, að nota sitt vatnsafl, eins og þeir orða það.

Framsóknarflokkurinn mun að sjálfsögðu neita öllum staðreyndum i þessum rafvæðingarmálum, og liklega hafa flestalla, sem eru viðriðnir framkvæmdirnar hér eystra, á sinu máli. Þeir hafa verið mjög lægnir á að koma sinum mönnum að, þar sem þeir þurfa á þeim að halda. Það er grunsamlegt hve sumir raffræðingarnir virðast hafa mikinn áhuga fyrir dieselstöðvum. Ekki er mér grunlaust, að sumir þeirra mati krókinn, þegar samið er um kaup á slikum vélum, sem sé vélum til slikra orkustöðva.

Eg gjöri tilraun til þess að hreifa þessu máli núna, vegna þess að eg tel það svo stórkostlegt hneixlismál, sem beinlinis eigi að taka upp i sambandi við kosningar þær, er i hönd fara. Eg vona að forustumenn Sjálfstæðisflokksins hafi nokkurnveginn hreinan skjöld, i sambandi við gang þessara mála, og hafi því aðstöðu til að taka þau til meðferðar. Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur að hafa aðstöðu til þess að sannprófa staðreyndirnar. Sem sé hve mikið Grimsárvirkjunin hefir kostað hingað til, en ýmsu mun ennþá vera ólokið. Hver eru stærstir ágallar á framkvæmd virkjunarinnar. Hver gæti verið orka Fjarðarárinnar, ef virkjað er allt það vatn sem næst til. Eg undirstrika að það sem eg segi i greininni um <u>Kötlu- og Eyvindarár-kvislarnar</u> er staðreynd, hvað sem verkfræðingar kunna um það að segja.

Að sjálfsögðu mun rafveitustjórn rikisins og "Framsókn" vera samtaka um að reyna að þegja málið i hel. Það er Sjálfstæðisflokksins að sjá um að þetta takist ekki. Grein min er aðeins skrifuð til þess að vekja málið. Sóknina ætlast eg til að Morgunblaðið annist. Það er ekki meining min að standa i blaðadeilum út af því.

Eg orðlengi þetta svo ekki frekar. Bið þig vinsamlegast að sjá um birtingu greinarinnar, enda ætlast eg til að Morgunblaðið fylgi henni þannig eftir að málið veki eftirtekt, en verði ekki svæft.

Með fyrirfram þakklæti og kærri kveðju.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Holti 4. febrúar 1959.

Herra alþingism.
Bjarni Benidiktsson

Um leið og ég lýsi ánægju minni yfir væntanlegri kjördæmaskipun, eða breytingu á kosningalögum finn ég mig knúðan til að mótmæla einu atriði í væntanlegum tillögum varðandi suðurlandskjördæmi. Engum er ljósari kostir stórra kjördæma með hlutfallskosningum, en okkur sem höfum staðið í eldinum í þessum litlu einmenningskjördæmum þar sem munurinn er eins lítill, á kjörfylgi eins og verið hefir hér. Mér liggur við að segja að það sé orðið mannskemmandi að taka þátt í kosningabaráttu hér.

Það hefir nú kanske ekki mikla þýðingu fyrir mig, lítinn kall, að gera tlllögur í máli þessu. En eins og Eiríkur á Hæli sagði einusinni á fundi með ungum sjálfstæðismönnum að sjálfstæðisflokkurinn má aldrei gleyma því hvernig hjarta þjóðarinnar slær. Og flokkurinn er fjöldaflokkur í dag vegna þess að hann eða forystumenn hans hafa haft þetta í huga. Þingmenn suðurlandskjördæmis verða að vera sjö. Til þess að fulltrúi frá V. Skaftfellingum nái kosningu til alþingis.

Hér stendur líka sérstaklega á, ég hygg að ekkert hérað tapi fulltrúa samkv. tillögunum nema við, nema þá ef til vill Seyðisfj. en þar stendur líka svo á að td. frams. getur miðlað einhverjum af sínum vissu þingsætum í Múlasýslu til Seyðfirðings. Þá vil ég benda á að í hinu nýja suðurlkjd. mun fólksfjöldi aukast miklu meira en í öðrum kjördæmum utan Faxaflóa , í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn verður vaxani, eins og Árnessýsla öll, td. ef hafin yrði framleiðsla þungs vatns í Hveragerði, einnig virkjun Þjórsár.

Hér er vonlaust að bjóða fram í næstu kosningum ef þessi tillaga verður ekki tekin til greina og ég get ekki séð að hún sé á neinn hátt ósanngjörn eða óframbærileg. Ekki er ég í neinum vafa um að framsókn vinnur eitthvað á þessari kjördæmabreytingu í fyrstu orustu, en hinsvegar hafa sigrar hennar á þessu réttlætismáli alltaf áður enst illa. Að lokum ég vona að fallist verði á þetta sjónarmið er ég hefi sett hér fram. Og það er krafa sjálfstm. hér að svo verði gert.

Virðingarfyllst

Siggeir Björnsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JÓNAS G. RAFNAR
HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR
AKUREYRI

Akureyri, 30. janúar 1959

Hr. alþm. Bjarni Benediktsson,
Morgunblaðið,
Reykjavík.

Góði vinur,

Við ræddum um það um daginn, hvort ættu að vera 6 eða 7 þingmenn í "Norð-austurlands-kjördæmi".

Karl Kristjánsson, alþm. mætti á fundi hér í bænum á sunnudaginn var og taldi þá, að Framsóknarflokkurinn myndi leitast við að koma því til vegar, að hér yrðu 7 þingmenn í kjördæminu. Taldi hann það fullkomið réttlætismál, ef af breytingu yrði. Bragi Sigurjónsson sagði mér einnig í gær, að Alþýðuflokkurinn myndi leggja á það áherzlu, að þingm. yrðu 7.

Það má því áreiðanlega ganga út frá því sem vísu, að andstöðuflokkarnir munu leggja til, að þingmannatalan verði 7, og munu þá rökstyðja það með því, að kjördæminu bæri sú tala vegna kjósendafjölda - miðað við önnur kjördæmi landsins, utan Reykjavíkur og ef til vill Suðvesturlands. Eg vildi því benda ykkur á þetta atriði. Það þarf ekki að taka það fram, að ég er sjálfur eindregið með tölunni 7, tel, að kjördæmið eigi að njóta sama réttar og nærliggjandi héröð.

Kær kveðja,

Jónas G. Rafnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pt. Kvík., 3. apríl

Hr. Bjarni Benediktsson, ritstj:

Eins og þér munið mánuðum skrifaði ég yður nýlega, í sambandi við atvinnuleit. Hefi móttekið heiðrað svar yðar. Þar sem ég hef ekki getað náð til yðar, datt mér í hug að spyrja yður bréflega, hvort komið gæti til greina prófarkalestur hjá Mbl. Ég er dágóður íslenzkumaður.

Virðingarfyllst

Davíð Áskelsson,

Borgarholtsbraut 47a, Kópavogi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kópavogi,12. marz 1959.

Hr. ritstjóri Bjarni Benediktsson, Reykjavík.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að leita til yðar með það mál sem nú skal greina:

Ég er kennari og hef kennt hálfan annan áratug lengst í Neskaupstað. Ég hef fatlazt nokkuð, vegna heilabólgu (parkinsonismus) og hefur röddin bilað nokkuð, svo ég hef orðið að láta af kennslu. Einnig er ég það stirður í hægri hendi, að ég get ekki unnið almenn skrifstofustörf. Verulega erfið vinna kemur ekki heldur til greina.

Nú langar mig til þess að spyrja yður, hvort þér hafið vilja og tök á að beita áhrifum yðar til þess að hafa milligöngu fyrir mig í atvinnuleit minni. Það sem helzt kæmi til greina væru einhverskonar eftirlits- eða varðstörf (gjarnan næturvarzla) o. þ. h.

Ég tel rétt að gefa yður lauslegt yfirlit yfir pólitízkan "status" minn. Ég er alinn upp á kommúnistisku heimili og kaus lengi vel kommúnista, sem hver annar "nytsamur sakleysingi". Þó hef ég aldrei mælt bót ofbeldi Rússa við nágrannaþjóðir þeirra og tók opinberlega afstöðu gegn framkomu þeirra við Ungverja.

Þegar ég flutti frá Neskaupstað fyrir hálfu öðru ári síðan, hafði ég sagt skilið við kommúnismann að fullu og öllu. Í seinustu bæjarstjórnarkosningum skiluðum við hjónin auðu.

Mér er nú löngu ljóst að fyrrverandi stjórnarflokkar eru ekki færir um að leysa vandamál þjóðarinnar og eini flokkurinn, sem er trúandi til að vernda frelsi einstaklingsins og þjóðarheildarinnar er Sjálfstæðisflokkurinn. Munum við hjónin styðja hann héðan af og er ég reiðubúinn að staðfesta þetta með því að ganga í Vörð. Einnig tel ég líkindi til þess að ég geti haft áhrif á mágkonu mína, sem hingað til hefur kosið Framsókn.

Ég var erlendis um mánaðartíma til lækninga í haust og steypti mér þá í skuldir , en síðan hef ég enga vinnu haft og er því

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjög orðinn þurfi fyrir vinnu. Mér er að sjálfsögðu ljóst að Sjálfstæðismenn hafa engar skyldur við mig, en ég vil leyfa mér að fullyrða, að þá aðstoð sem þér kynnuð að veita veitið þér öruggum stuðningsmanni. Ræða yðar í Neskaupstað í hitt eð fyrra er þér komuð þangað með Jóhanni Havstein, mun mér seint úr minni líða. Húm varð meðal annars til þess að opna augu mín.
Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að hitta yður og gefa þær upplýsingar, sem þér kynnuð að óska. Skilaboðum til mín er hægt að koma í síma Harðar Loftssonar, Borgarholtsbraut 47.

Virðingarfyllst

Davíð Áskelsson

Borgarholtsbraut 47 a, Kópavogi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skeggjastöðum 16. febr. 1959.

Góði vin!

Beztu þakkir fyrir síðast eiga þessar línur að færa þér. Ég bið þig að misvirða ekki, þótt ég fari þá krókaleið að senda bréfið til Morgunblaðsins, þó að það sé algert einka bréf til þín. Til þess eru vissar ástæður í sambandi við bréfhirðingarstaði hér í sveit, sem ég ræði ekki frekar.

Tilefni þessa bréfs er það, að nýlega heyrði ég fram-bornar á almennum fundi hér í sveit, hinar svívirðilegustu persónulegar ásakanir á þig og störf þín í sambandi við kjördæmamálið. Að vísu hafði þetta flest verið áður birt í Tímanum og máske allt, en ég fyrir mitt leyti er orðinn því vanur að láta blekkinga- og lygavaðal þann sem vind um eyru þjóta. Því miður hafði ég ekki fylgzt svo með í blöðum, að ég hefði séð, hverjar varnir þú hefir fært fram gegn þessum ásökunum t.d., hvers vegna þú hefðir aldrei kallað saman fund í stjórnarskrárnefndinni o.s. frv., eins og þér var borið á brýn.

Viltu vera svo góður að senda mér blaða-úrklippur eða eitthvað annað þar sem þú hefir skýrt þinn málstað. Skylt er að hafa það, er sannara reynist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og langar mig til samkvæmt því að gefa örlitla hirtingu þeim mannbjálfa Einari Hjartarsyni í Lauba, sem jós yfir þig persónulegum óhróðri á áður nefndum fundi. Hefir hann eflaust verið „trekktur“ upp af Páli Zophóníassyni, sem mun hafa skrifað ýmsum hér og beðið um almennan kjósendafund í hreppnum til þess að mótmæla breytingunum á kjördæmaskipan þeirri, er verið hefir.

Fundur þessi var haldinn að Bjarnalandi, föstudaginn 13. þ.m. og boðaður sama dag með því að hringja á bæina. Sjálfur var ég að koma úr ferðalagi norðan frá Sauðanesi og vissi ekki um fundinn fyrr en sem tveimur tímum áður en hann átti að hefjast. Gat ég með naumindum lokið nauðsynlegustu störfum heima og ekkert undirbúið mig og því síður haft samband við nokkra flokksbræður hér. Við hjónin fórum þó bæði, þótt erfitt væri að komast frá börnum og búi.

Fundur hófst um kl. 8 e.h. Voru þar 27 menn mættir, flestir Framsóknarmenn og Kommúnistar. Framsögumaður Einar Hjartarson hóf mál sitt á því, sem ég hefi áður lýst og deildi hart á Sjálfstæðisflokkinn, sem hafði svikist að mönnum óviðbúnum (fyrir þína tilstilli og ætlaði nú að knýja fram með fulltingi Alþýðuflokksins þá breytingu, að í stað 27 kjördæma

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

– . –

utan Reykjavíkur komu 7 stór kjördæmi o.s.frv. Ég spurði, hvar Sjálfstæðisflokkurinn hefði birt þessar breytingartillögur sínar og greinargerð fyrir þeim og taldi naumast hægt að ræða þær, ef þær lægju ekki fyrir fundinum. Vitnuðu þeir þá í umræður á stúdentafélagsfundi og ræðu Gísla Guðmundssonar. En þegar það nægði ekki að mínum dómi, dró oddvitinn, kommúnistinn Magnús Jóhannesson upp úrklippu úr „Verkamanninum“ á Akureyri, sem var endurprentun úr öðru blaði kommúnista, með lýsingu þeirra á kjördæmaskipun, eftir tillögum Sjálfstæðismanna og á þingmannatölu hvers kjördæmis. Varð þessi heimild að nægja með því að annað var ekki fyrir hendi.

Urðu nú nokkrar umræður, en brátt vildu útsendarar Páls Zóph. fara að bera fram tillögu og fóru þeir út úr fundarsalnum til þess að semja hana eða máske til að afrita tillögufyrirmynd frá P. Zóph. Kom hún svo fram. Því miður ritaði ég hana ekki upp og man hana ekki, en Páll mun vafalaust koma með hana í þingið sem lýsing á alm. vilja kjósenda hér. Mig minnir hún væri lítið annað en mótmæli gegn tillögum Sjálfstæðismanna og þær taldar hið hættulegasta tilræði við hagsmuni strjálbýlisins, ef ekki brot á mannréttindum etc.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég benti á, að kjördæmaskipanin væri hér fyrst og fremst til umræðu og gjörði í flýti uppkast að tillögu, sem ég síðar kallaði breytingartillögu, en hún var á þessa leið:

„Almennur kjósendafundur í Skeggjastaðahreppi, haldinn að Bjarmalandi 13. febr. 1959, telur núverandi kjördæmaskipan að ýmsu leyti úrelta, en óskar þess, að við breytingu hennar verði fullt tillit tekið til sérstakrar aðstöðu strjálbýlisins varðandi fjölda (tölu) þingmanna".

Fundarstjóri treystist ekki til að úrskurða, hvort þetta væri breytingartillaga eða sjálfstæð tillaga og bar það undir fundinn, sem samþykkti með 20 atkv. gegn 7 að þetta væri ekki breytingartillaga. Sömu hlutföll urðu í atkvæðagreiðslu um tillögu þjóðvarnarmannsins Þórhalls Jónassonar, Höfn, sem við Sjálfstæðismenn kölluðum breytingartillögu, en hinir viðauka við sína tillögu, en hún var þess efnis, að þeir óskuðu einhverra breytinga á kjördæmaskipan, og mun sú skrautfjöður birtast í stélinu á tillögu þeirri, er héðan mun verða send.

Að þessu loknu var tillaga þeirra borin upp með „viðaukanum" og samþykkt með 20 atkv. gegn 7.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir þessi málalok var loks boðið til umræðu um tillögu mína, sem að sjálfsögðu var tilgangslaust, enda var hún felld með ~~tuttugu~~ 20 atkvæðum gegn 7.

Þar sem við þessir sjö verðum hér eftir í okkar sveit og máske víðar taldir sérstakir óvinir sveitanna og ~~st~~frjálslyndisins þykir mér tilhlýða að kynna þér fólkið: Auk okkar hjónanna voru það þessir: Pétur B. Árnason, smiður Bergholti, Eyþór Árnason, sjómaður s.st., Njáll Halldórsson, sjómaður Höfn, Einar Friðriksson bóndi Bakka og Jóhann Frímannsson bóndi Gunnólfsvík.

Kommúnistar þóttust greiða atkvæði á þann hátt sem þeir gerðu vegna búsetu sinnar hér. Af þessu er auðvelt að álykta, að við vorum jafnvel verri en þeir. Gaman væri að frétta, hvað kommúnistar gera annarsstaðar.

Nú er þetta orðið lengra mál en ég ætlaði, en svo fer jafnan, þegar naumur er tími, að þá er eigi tóm til að gera langt mál stutt.

Ég hætti nú að ræða um stjórnmálaerjur, en bið þig nú einnar bónar. Hún er sú, að þú talir við vin minn Sigurð Helgason, Ingvarssonar (frá Vífilsstöðum) og fáir hjá honum að vita, hversu hart ég var leikinn, er Baktunar sjúkdóm

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

neitaði mér um lán, sem ég treysti á til fjárhúsabyggingu ~~hér~~ á Skeggjastöðum.
Skulda ég því hátt á annað hundrað þúsund krónur, bændum og kaupfélagi hér vegna vinnu og efniskaupa.
Ég hefi skrifað Gústav A. Jónassyni, ráðuneytisstjóra og beðið hann liðsinnis, en ekkert svar hefir borizt. Vildir þú vera svo góður að tala við hann um erindi mitt og helzt að fá að sjá bréf mitt til hans, ef það er til (afrit af því ~~að~~ á að vera hjá biskupi) og láta mig síðan vita, hvers ég megi vænta til úrlausnar. Ég vildi sízt skulda bændum hér eins og nú standa sakir.
Fyrirgefðu kvabbið og þetta flýtisskrif.

Með kærri kveðju,

þinn einlægur,

Sigmar I. Torfason,

Skeggjastöðum.

P. s.

Bréf þetta er einkabréf og má ekki birta í blaði, en heimilt er þér að öðru leyti að nota það, ef þú telur þörf á. Orðalag tillögu minnar er því miður ekki svo vandað sem ég vildi; en við því er ekkert að gera.

S. T.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Framlög samkv. tillögum til lagabreytinga | | | | Mismunur frá núgildandi lögum | | | | Mismunur á tillögum og raunv.l. framl. '58 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bær eða hreppur | Sýsla | Ríkissj. Bókas.- | Samtals | Bær eða hreppur | Sýsla | Ríkissj. Bókas.- | Samtals | Bær eða hreppur | | Sýsla | Ríkissj. Bókas.- | Samtals | | |
| | | | | Hækkun | Hækkun | Hækkun | Hækkun | Hækkun | Lækkun | Hækkun | Hækkun | Hækkun | Lækkun | |
| 109.200 | 25.991 | 113.351 | 248.542 | 49.561 | 15.176 | 76.575 | 141.312 | | 20.800 | 5.176 | 76.575 | 60.951 | | (1) |
| 131.940 | 10.465 | 109.420 | 251.825 | 45.526 | 6.322 | 72.362 | 124.210 | | 81.060 | 6.322 | 72.362 | | 2.376 | (2) |
| 102.000 | | 76.500 | 178.500 | 32.182 | | 43.999 | 76.181 | 15.717 | | | 43.999 | 59.716 | | (3) |
| 1.381.500 | | 518.062 | 1.899.562 | 710.130 | | 350.219 | 1.060.349 | | 672.520 | | 350.219 | | 322.301 | (4) |
| 21.300 | 15.820 | 37.120 | 74.240 | 13.380 | 9.427 | 28.492 | 51.299 | 13.380 | | 99427 | 28.492 | 51.299 | | (5) |
| 90.975 | 4.480 | 77.260 | 172.715 | 37.680 | 2.611 | 49.054 | 89.345 | 8.922 | | 2.611 | 49.054 | 60.587 | | (6) |
| 25.200 | 18.809 | 44.009 | 88.018 | 15.456 | 10.802 | 33.276 | 59.534 | 14.605 | | 10.802 | 33.276 | 58.683 | | (7) |
| 28.140 | 24.577 | 52.717 | 105.434 | 17.208 | 14.218 | 39.529 | 70.955 | 17.208 | | 7.218 | 39.529 | 63.955 | | (8) |
| 7.530 | 7.889 | 15.419 | 30.838 | 4.602 | 4.559 | 11.424 | 20.585 | 4.602 | | 4.559 | 11.424 | 20.585 | | (9) |
| 7.080 | 4.011 | 11.091 | 22.182 | 4.092 | 2.205 | 8.341 | 14.638 | 4.092 | | 2.205 | 8.341 | 14.638 | | (10) |
| 25.320 | 13.279 | 38.599 | 77.198 | 15.312 | 7.576 | 29.676 | 52.564 | 15.312 | | 7.576 | 29.676 | 52.564 | | (11) |
| 15.660 | 12.754 | 28.414 | 56.828 | 9.456 | 7.309 | 21.291 | 38.056 | 9.456 | | 7.309 | 21.291 | 38.056 | | (12) |
| 80.610 | 12.936 | 80.101 | 173.647 | 40.035 | 7.425 | 55.220 | 102.680 | | 53.629 | 7.425 | 55.220 | 9.016 | | (13) |
| 12.150 | 11.249 | 23.399 | 46.798 | 7.194 | 6.332 | 17.236 | 30.762 | 7.194 | | 6.249 | 17.236 | 30.679 | | (14) |
| 9.960 | 9.562 | 19.522 | 39.044 | 6.048 | 5.446 | 14.462 | 25.956 | 6.048 | | 5.362 | 14.462 | 25.872 | | (15) |
| 16.920 | 16.016 | 32.936 | 65.872 | 10.296 | 9.194 | 24.491 | 43.981 | 4.920 | | 6.016 | 24.491 | 35.427 | | (16) |
| 33.030 | 18.996 | 46.523 | 98.549 | 16.245 | 10.839 | 31.332 | 58.416 | 6.155 | | 839 | 31.332 | 38.326 | | (17) |
| 80.790 | | 67.325 | 148.115 | 39.510 | | 46.685 | 86.195 | | 8.693 | | 46.685 | 37.992 | | (18) |
| 26.160 | | 26.160 | 52.320 | 12.900 | | 19.530 | 32.430 | 12.160 | | | 19.530 | 31.690 | | (19) |
| 168.400 | 26.684 | 152.984 | 348.068 | 64.975 | 152239 | ~~[illegible]~~ 112.418 | 192.632 | | 58.600 | 15.239 | 112.418 | 69.057 | | (20) |
| 42.030 | 19.236 | 54.261 | 115.527 | 21.165 | 10.920 | 36.898 | 68.983 | 18.130 | | 7.920 | 36.898 | 62.948 | | (21) |
| 9.240 | 13.804 | 23.044 | 46.088 | 5.340 | 7.822 | 16.434 | 29.596 | 5.340 | | 1.804 | 16.434 | 23.578 | | (22) |
| 22.440 | 9.926 | 32.366 | 64.732 | 115520 | 5.774 | 23.446 | 40.740 | 2.440 | | 5.774 | 23.446 | 31.666 | | (23) |
| 6.840 | 13.202 | 20.042 | 40.084 | 4.344 | 7.637 | 14.364 | 26.345 | 4.344 | | 7.637 | 14.364 | 26.345 | | (24) |
| 42.240 | 1.288 | 36.488 | 80.016 | 21.750 | 748 | 25.793 | 48.291 | 1.240 | | 748 | 25.793 | 27.781 | | (25) |
| 21.840 | 22.911 | 44.751 | 89.502 | 13.380 | 13.050 | 33.008 | 59.438 | 13.380 | | 13050 | 33.008 | 59.438 | | (26) |
| 17.160 | 9.044 | 26.204 | 52.408 | 10.752 | 5.315 | 20.426 | 36.493 | 3.810 | | 5.315 | 20.426 | 29.551 | | (27) |
| 15.270 | 9.919 | 25.189 | 50.378 | 9.018 | 5.641 | 19.019 | 33.678 | 9.018 | | 5.641 | 19.019 | 33.678 | | (28) |
| 110.500 | | 88.400 | 198.900 | 47.889 | | 59.253 | 107.142 | 471 | | | 59.253 | 59.724 | | (29) |
| 10.080 | 21.609 | 31.689 | 63.378 | 6.180 | 12.378 | 22.371 | 40.929 | 4.256 | | 12.378 | 22.371 | 39.005 | | (30) |
| ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | ~~[illegible]~~ | | (31) |
| 47.400 | 46.949 | 86.449 | 180.798 | 29.592 | 27.416 | 62.751 | 119.759 | 29.592 | | 27.416 | 62.751 | 119.759 | | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Bókasöfn | Framlög 1958 samkv. núgildandi lögum | | | | Raunveruleg framlög 1958 | | | | Greitt umfram lögákv. framl. '58 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bær eða hreppur | Sýsla | Ríkissjóður | Samtals | Bær eða hreppur | Sýsla | Ríkissjóður | Samtals | Bær eða hreppur | Sýsla | Samtals |
| 1. Bæjar og héraðsbókas. Keflavík | 59.630 | 10.815 | 36.776 | 107.230 | 130.000 | 20.815 | 36.776 | 187.591 | 70.361 | 10.000 | 80.361 |
| 2. Bæjarbókasafnið í Hafnarfirði | 86.414 | 4.143 | 37.058 | 127.615 | 213.000 | 4.143 | 37.058 | 254.201 | 126.586 | | 126.586 |
| 3. Bæjarbókasafnið í Kópavogi | 69.818 | | 32.501 | 102.319 | 86.283 | | 32.501 | 118.784 | 16.465 | | 16.465 |
| 4. Bæjarbókas. í Reykjavík | 671.370 | | 167.843 | 839.213 | 2.054.020 | | 167.843 | 2221.863 | 1382.650 | | 1.382.650 |
| 5. Héraðsbókas. Kjósarsýslu | 7.920 | 6.393 | 8.628 | 22.941 | 7.920 | 6.393 | 8.628 | 22.941 | | | |
| 6. Bæjar-og héraðsbókas. Akranesi | 53.295 | 1.869 | 28.206 | 83,370 | 82.053 | 1.869 | 28.206 | 112.128 | 28.758 | | 28.758 |
| 7. Héraðsbókas. Borgarfj. | 9.744 | 8.007 | 10.733 | 28.484 | 10.595 | 8.007 | 10.733 | 29.335 | 851 | | 851 |
| 8. Amtsbókas. Stykkish. | 10.932 | 10.359 | 13.188 | 34.479 | 10.932 | 17.359 | 13.188 | 41.479 | | 7.000 | 7.000 |
| 9. Héraðsbókas. Dalasýslu | 2.928 | 33330 | 3.995 | 10.253 | 2.928 | 3.330 | 3.995 | 10.253 | | | |
| 10. - A.-Barð. | 2.988 | 1.806 | 2.750 | 7.544 | 2.988 | 1.806 | 2.750 | 7.544 | | | |
| 11. - V.-Barð. | 10.008 | 5.703 | 8.923 | 24.634 | 10.008 | 5.703 | 8.923 | 24.634 | | | |
| 12. - V.-Ísafj.s. | 6.204 | 5.445 | 7.123 | 18.772 | 6.204 | 5.445 | 7.123 | 18.772 | | | |
| 13. Bæjar-og héraðsbókas. Ísafirði | 40.575 | 5.511 | 24.881 | 70.967 | 134.239 | 5.511 | 24.881 | 164.631 | 93.664 | | 93.664 |
| 14. Héraðsbókas. Strandas. | 4.956 | 4.917 | 6.163 | 16.036 | 4.956 | 5.000 | 6.163 | 16.119 | | 83 | 83 |
| 15. Héraðsbókas. V.-Hún. | 3.912 | 4.116 | 5.060 | 13.088 | 3.912 | 4.200 | 5.060 | 13.172 | | 84 | 84 |
| 16. - A.-Hún. | 6.624 | 6.822 | 8.445 | 21.891 | 12.000 | 10.000 | 8.445 | 30.445 | 5.376 | 3.178 | 8.554 |
| 17. Bókasafn Skagfirðinga | 16.785 | 8.157 | 15.191 | 40.133 | 26.875 | 18.157 | 15.191 | 60.223 | 10.090 | 10.000 | 20.090 |
| 18. Bæjarbókas. Siglufj. | 41.280 | [illegible] | 20.640 | 61.920 | 89.483 | | 20.640 | 110.123 | 48.203 | | 48.203 |
| 19. Bæjarbókas. Ólafsfj. | 13.260 | | 6.630 | 19.8[illegible] | 14.000 | | 6.630 | 20.630 | 740 | | 740 |
| 20. Amtsbókas. Akureyri | 103.425 | 11.445 | 40.566 | 155.436 | 227.000 | 11.445 | 40.566 | 279.011 | 123.575 | | 123.575 |
| 21. Bókas. Þingeyinga | 20.865 | 8.316 | 17.363 | 46.544 | 23.900 | 11.316 | 17.363 | 52.579 | 3.035 | 3.000 | 6.035 |
| 22. Héraðsbókas. N.-Þing. | 3.900 | 5.982 | 66610 | 16.492 | 3.900 | 12.000 | 6.610 | 22.510 | | 6.018 | 6.018 |
| 23. Amtsbókas. Seyðisf. | 10.920 | 4.152 | 8.920 | 23.992 | 20.000 | 4.152 | 8.920 | 33.072 | 9.080 | | 9.080 |
| 24. Bókas. Héraðsbúa | 2.496 | 5.565 | 5.678 | 13.739 | 2.496 | 5.565 | 5.678 | 13.739 | | | |
| 25. Bæjar- og héraðsb.s. Neskaupstað | 20.490 | 540 | 10.695 | 31.725 | 41.000 | 540 | 10.695 | 52.235 | 20.510 | | 20.510 |
| 26. Héraðsbókas. Eskif. | 8.460 | 9.861 | 11.743 | 30.064 | 8.460 | 9.861 | 11.743 | 30.064 | | | |
| 27. - A.-Skaft. | 6.408 | 3.729 | 5.778 | 15.915 | 13.350 | 3.729 | 5.778 | 22.857 | 6.942 | | 6.942 |
| 28. - V.-Skaft | 6.252 | 4.278 | 6.170 | 16.700 | 6.252 | 4.278 | 6.170 | 16.700 | | | |
| 29. Bæjarbókas. Vestm.eyj. | 62.611 | | 29.147 | 91.758 | 110.029 | | 29.147 | 139.176 | 47.418 | | 47.418 |
| [illegible]. Héraðsbókas. Rangárv.s. | 3,900 | 9.231 | 9.318 | 22,449 | 5.824 | 9.231 | 9.318 | 24.373 | 1.924 | | 1.924 |
| [illegible]. - Árnessýslu | 17.808 | 19.533 | 23.698 | 61.039 | 17.808 | 19.533 | 23.698 | 61.039 | | | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur